

7. fundur vetrarstarfsins, öskudaginn 1. mars 2017 í Setbergsskóla Hafnarfirði

Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn, kveikti á kertunum og minntist vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar. Hún bauð sérstaklega velkomna á fundinn Sif Stefánsdóttur aðstoðarskólastjóra í Setbergsskóla og félagar úr Lambadeild.

María Pálmadóttir tók manntal og var 21 félagskona mætt:

Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Edda Pétursdóttir og Edda Vikar, Helga Halldórsdóttir og Helga Thorlacius, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir.

Orð til umhugsunar flutti Ingibjörg Jónasdóttir og nefndi í upphafi að kjarninn í fyrirlestri Renötu frá síðasta fundi um að viðurkenna fjölbreytileikann hefði ekki vikið frá henni. Það sem henni var einnig hugleikið er traustið og rifjaði upp ástandið sem skapaðist í sambandi við örlög ungu stúlkunnar Birnu fyrir nokkru þegar allir Grænlandingar voru orðnir óvinir. Henni finnst þetta hættuleg hugsanabraut og velti upp spurningunni: *Hvernig kennum við börnum okkar um traustið?* Því innst inni eru allir góðir og við viljum vera gott fólk. Hún sagði frá fyrirlestri bróður síns Jóns Torfa sem hann hélt nýlega um framtíðarsýnina, t.a.m. í sambandi við loftlagsbreytingar sem ýmislegt er vitað um en þó ekki hver hraðinn verður og breytingarnar sem fylgja í kjölfarið sem verða margvíslegar. Við vitum að ísinn mun bráðna, það verða; eldgos, fólksflutningar milli álfa, meiri ferðalög fólks, mikil umhverfisáhrif, hagfræðilegar breytingar (fáir eiga mikið), breytt fjölskyldumunstur, tæknibreytingar. Samskiptin eru og munu breytast og hvar lendir einstaklingurinn í þessari hringiðu? Hann verður einmanna. Við þurfum að læra samskipti upp á nýtt, rökræða, rækta vináttuna og þá erum við komin 2500 ár aftur í tímann til þess tíma þegar Sókrates og félagar voru að ræða um hvað sé þekking, hvernig menntum við börnin okkar fyrir framtíðina. Allt þetta vakti Ingibjörgu til umhugsunar og var hvatning til að hugsa um heimspekina. Að rækta hin góðu gildi, vináttuna og kærleikann. Við þurfum tæknina t.d. til að geta aflað okkur upplýsinga en við þurfum fyrst og fremst að rækta einstaklinginn svo hann lifi og dafni.

Edda las fundargerð síðasta fundar.

Fríða Bjarney Jónsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi vegna fjölmennningar við Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar var fyrirlesari fundarins og sagði frá leikskólagöngu barna af erlendum uppruna, samskiptum og sjálfsmynd. Um það hvað leikskólaárin séu mikilvægur tími og að 10% barna í skólum landsins búa við annað móðurmál en íslensku. Það að hafa einstaklinga sem eru fullkomlega tvítyngd á fullorðinsárum sé auður fyrir samfélagið sem ber að rækta.

Samfélagið hefur breyst og mun halda áfram að breytast. Fjölmenningarlegt leikskólastarf er ekki aukaverkefni í skólakerfinu heldur leið til að hugsa gagnrýnið og meðvitað, og er ekki

bara fyrir hluta barna heldur öll börn. Með því er unnið með fordóma, samstarf við fjölskyldur er mikilvægt og ef við ætlum að byggja upp traust þá þarf tíma. Mikilvægt er að hafa yfirlýsta og skráða stefnu um að veita stuðning og viðurkenna mikilvægi samstarfsins. Eitt símtal nægir við innlendar fjölskyldur en við erlendar fjölskyldur þarf fund með túlki og því fylgir kostnaður sem reikna þarf með. Það þurfa allir kennarar að þekkja leiðir til að vinna með fjölmenningu. Nú eru 1.314 börn af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar, gríðarleg aukning á síðustu árum og eru pólskir nemendur langflestir. Góð reynsla hefur verið af pólskumælandi brúarsmið sem fer á milli leikskóla og brúar bil. Hann er meira en túlkur, því hann hefur innsýn í hefðir bæði hér og í sínu heimalandi og hjálpar til við aðlögun af ýmsu tagi. Meginstoðir í stefnu Reykjavíkurborgar fyrir fjölmenningu í leikskólum er að hafa að leiðarljósi fjölbreytta kennslu-og starfshætti, að stefna að tvítyngi barna og virku samstarf við foreldra.

Fríða sagði frá leikskóla á Dalvík þar sem ný hugmyndafræði hefur verið sett á fót og miðar að því að öll tungumálin séu virkjuð í starfinu, fjölbreytileikinn sé dreginn fram og þar með auðurinn. Börnum finnst gaman að læra tungumál og eru eins og svampur en þurfa markvissa kennslu og stuðning til að ná dýptinni. Það er talið styrkleikamerki þegar börn blanda tungumálum saman og er eðlilegur hluti af tungumálaferlinu. Fríða rifjaði upp hugmyndafræði Reggio Emilia að börn hafi 100 tungumál en 99 tekin frá þeim, ef börn fá ekki tækifæri til fjölbreyttrar tjáningar er hætt á að þau verði óvirkir þátttakendur.

Hún kynnti vefinn *Tungumál er gjöf* <https://www.tungumalergjof.com/> sem hefur það að leiðarljósi að efla mál og læsi barna sem læra íslensku sem annað mál í samvinnu við foreldra. Vefurinn er stuðningsefni fyrir leikskólakennara til að skipuleggja starfið með börnunum í leikskólanum, og styðja foreldra við að efla mál og læsi barna sinna á heimavelli.

Við fæðumst fordómalaus sagði Fríða, tækifærin að viðhalda fordómaleysi er að byrja að vinna með ungum börnum og að virkja foreldra. Það er svo ótal margt sem hefur áhrif á viðhorf okkar og sýn; fjölmiðlar eru mjög áhrifaríkir, einnig námsbækur, kvikmyndir, bókmenntir, tónlist og reynsla okkar af því að umgangast ólíka hópa fólks. Hvernig fólkið í kringum okkur, fjölskylda, vinir, samstarfsfélagar, kennarar og fyrirmyndir tala um aðra. Hjartað í námi barna eru samskipti þeirra við kennara og hin börnin. Fyrstu 10 vikurnar á nýjum stað skipta höfuðmáli því er svo mikilvægt að ýta undir valdeflingu með því að bjóða fólki velkomið, að viðurkenna og gefa hlutdeild. Þetta sé spurning um að gefa og þiggja ásamt því að treysta. Við þurfum fyrst og fremst að líta í eigin barm og við þurfum líka sífellt að endurstilla okkur. Eigin skoðanir, viðhorf og sýn endurspeglast ávallt í samskiptum okkar við aðra. Í þessu sambandi og að lokum talaði hún um menningarnæmi í samskiptum þar sem fjölbreytileikinn er talinn kostur. Framtíðin mun krefjast sveigjanleika og launsnarleitar, að vera viðbragðssnjall eins og Hafdís Guðjónsdóttir talar um. Að eiga í samskiptum þvert á tungumál og nefndi mikilvægi þess að hafa frumkvæði. Þörfin fyrir að tilheyra nánasta samfélagi, hafa tilgang og geta gefið af sér skiptir máli fyrir alla aðila.

Það má með sanni segja að hugleiðingar Ingibjargar í orðum til umhugsunar og fyrirlesara kvöldsins Fríðu hafi spilað vel saman og kjarninn hjá báðum að traust í samskiptum sé grunnforsenda fyrir fordómalausum og farsælum samskiptum manna í milli.

Eftir fyrirlesturinn færðum við okkur upp á kennarastofuna og nutum veitinga í boði skólans. Ingibjörg færði Fríðu Bjarneyju rós andagiftar og sköpunarkrafts sem þakklætisvott og félagskonur fengu að spyrja hana spurninga áður en hún hvarf á braut.

Ingibjörg lét rútulistann ganga og bauð á Stóru upplestrarkeppnina í Hafnarfirði með fallegu boðskorti sem nemandi úr Setbergsskóla hafði myndskreytt, 29 hátíðir verða út um allt land þetta árið. Hún kynnti næsta fund sem verður í Félagsmiðstöðinni Árseli, færði okkur fréttir frá landssambandsforseta, ársþinginu og Evrópufundinum. Því næst var sunginn *Bragur* frá 20 ára afmæli Alfadeildar, með texta Áslaugar Brynjólfsdóttur við lag Atla Heimis Sveinssonar, *Snert hörpu mína*. Áður en Ingibjörg formaður sleit fundi og slökkti á kertunum þremur sagði hún frá því að innan skamms muni hún senda okkur til umsagnar, hugmyndalista um nýja meðlimi í deildina okkar. María Pálmadóttir fékk rós fyrir að taka vel á móti okkur og skólinn fékk líka rós.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir.